

# Fundargerð 770. fundar

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2009, föstudaginn 11. desember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Þorleifur Gunnlaugsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Lúðvík Geirsson, Gunnar Einarsson, Elín R. Líndal, Sigrún Björk Jakobsdóttir, Sigrún Stefánsdóttir í forföllum Smára Geirssonar, Aldís Hafsteinsdóttir og Þorvaldur Guðmundsson.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Gunnlaugur A. Júlíusson, Inga Rún Ólafsdóttir og Magnús Karel Hannesson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 769. fundar - 0812686SA

Lögð fram fundargerð 769. fundar stjórnar sambandsins frá 27. nóvember 2009.

*Fundargerðin var staðfest og undirrituð.*

### 2. Samskipti ríkis og sveitarfélaga - 0409009SA

Lögð fram fundargerð Jónsmessunefndar frá 2. desember 2009.

### 3. Húsaleigubætur - 0408054SA

Lagt fram bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 8. desember 2009, með upplýsingum um framgang mála á grundvelli samkomulags félags- og tryggingamálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um húsaleigubætur sem tóku gildi 1. apríl 2008, ásamt yfirliti um þróun húsaleigubótanna í kjölfar samkomulagsins.

*Framkvæmdastjóri gerði nánari grein fyrir málinu og skýrði jafnframt frá því að félags- og tryggingamálaráðherra hefði endurvakið nefnd um húsnæðismál sem ekki hefur verið starfandi frá því sl. vor.*

### 4. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga - 0611368SA

Lögð fram fundargerð 36. fundar verkefnisstjórnar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála frá 2. desember 2009.

### 5. Fundargerð skólamálanefndar - 0504189SA

Lögð fram fundargerð 49. fundar skólamálanefndar sambandsins frá 8. desember 2009, ásamt greinargerð um frekari hagræðingu í starfi grunnskólanna, dags. 2. desember 2009.

*Stjórnin lýsti mikilli ánægju með greinargerð starfshóps sambandsins um hagræðingu í starfi grunnskólanna og færir þeim sem að henni unnu þakkir fyrir gott verk.*

**6. Fundargerð alþjóðanefndar - 0701507SA**

Lögð fram fundargerð 11. fundar alþjóðanefndar frá 27. nóvember 2009.

**7. Varasjóður húsnæðismála - 0408055SA**

Lagt fram bréf ráðgjafarnefndar Varasjóðs húsnæðismála, dags. 7. desember 2009, þar sem lagt er til að ríki og sveitarfélög ræði sem fyrst um framtíð Varasjóðs húsnæðismála og kanni áframhaldandi starfsemi sjóðsins í þágu sveitarfélaga sem eiga í erfiðleikum vegna félagslega íbúðakerfisins. Einnig lögð fram fundargerð ársfundar Varasjóðs húsnæðismála frá 3. nóvember 2009 og tölvuskeyti frá húsnæðismálanefnd Fjallabyggðar þar sem því er beint til stjórnar sambandsins að hún beiti sér fyrir því að Varasjóði húsnæðismála verði tryggt fé til áframhaldandi starfsemi. Þá var lagt fram til kynningar minnisblað ráðgjafarnefndarinnar til ráðherra um varasjóðinn ásamt ársskýrslu 2008.

*Samþykkt var að óska eftir því að nefnd félags- og tryggingamálaráðherra um húsnæðismál taki málefni Varasjóðs húsnæðismála til umfjöllunar.*

**8. Starfsáætlun 2010 - 0911049SA**

Lögð fram drög að starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2010, ásamt mati á árangri ársins 2009.

*Afgreiðslu frestað til næsta fundar.*

**9. Reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga - 0912020SA**

Lögð fram drög að breytingum á reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga ásamt afriti af bréfi Eignarhaldsfélagsins fasteignar hf., dags. 1. desember 2009, til reikningsskila- og upplýsinganefndar.

*Sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs var falið að semja umsögn um drög að breytingum á reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga.*

**10. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga - 0810640SA**

Á fundinn komu kl. 13:35 fulltrúar eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, þeir Ólafur Nilsson, formaður nefndarinnar, Þórður Skúlason nefndarmaður og Jóhannes Finnur Halldórsson, starfsmaður nefndarinnar. Ólafur og Þórður gerðu grein fyrir stöðu nefndarinnar, störfum hennar nú um stundir og svöruðu jafnframt fyrirspurnum stjórnarmanna.

Fulltrúar eftirlitsnefndarinnar viku af fundi kl. 14:35.

**11. Tilnefning í ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur - 0912015SA**

Lagt fram bréf forsætisráðuneytisins, dags. 1. desember 2009, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins í ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, skv. 6. gr. laga nr. 27/1999. Ráðuneytið bendir á ákvæði 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Jafnframt tekur ráðuneytið fram í erindinu að ekki verði greidd þóknun fyrir nefndarstörf.

*Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 tilnefnir stjórn sambandsins Gunnlaug A. Júlíusson, sviðsstjóra*

*hag- og upplýsingasviðs sambandsins, eða Kristbjörgu Stephensen, borgarlögmann í Reykjavík, í nefndina.*

**12. Tilnefning í brunamálaráð - 0709266SA**

Lagt fram bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 30. nóvember 2009, þar sem óskað er því að sambandið tilnefni aðalfulltrúa í Brunamálaráð í stað Dags B. Eggertssonar sem beðist hefur lausnar frá setu í ráðinu. Ráðuneytið bendir á ákvæði 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla.

*Samkvæmt 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 tilnefnir stjórn sambandsins Herdísí Sigurjónsdóttur, bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ, eða Sigurð Val Ásbjarnarson, bæjarstjóra í Sandgerðisbæ, í brunamálaráð. Það þeirra sem ráðherra velur ekki sem aðalman verði varamaður hins í stað Aldísar Hafsteinsdóttur, sem verið hefur varamaður Dags B. Eggertssonar í ráðinu.*

**13. Tilnefning í samráðshóp um margvísleg mál er varða samskipti grunn- og framhaldsskóla - 0912011SA**

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 30. nóvember 2009, þar sem óskað er eftir tilnefningu sambandsins á fulltrúa í samráðshóp sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að skipa til þess að fjalla um margvísleg mál er varða samskipti grunn- og framhaldsskóla. Ráðuneytið tekur fram í erindinu að það greiði ekki sérstaklega fyrir störf í samráðsnefndinni.

*Stjórn sambandsins tilnefnir Valgerði Freyju Ágústsdóttur, sérfræðing á hag- og upplýsingasviði sambandsins, í samráðshópinn.*

**14. Tilnefning í ferðamálaráð - 0912017SA**

Lagt fram bréf iðnaðarráðuneytisins, dags. 4. desember 2009, þar sem óskað er eftir tilnefningu á tveimur fulltrúum sambandsins í ferðamálaráð, skv. 5. gr. laga um skipan ferðamála nr. 73/2005. Ráðuneytið bendir á ákvæði 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Jafnframt tekur ráðuneytið fram að það muni ekki greiða þóknun, ferðakostnað eða önnur útgjöld vegna fulltrúa sambandsins í ferðamálaráði.

*Stjórn sambandsins tilnefnir Aldísi Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra í Hveragerðisbæ, og Dofra Hermannsson, varaborgarfulltrúa í Reykjavík, í ferðamálaráð. Tilnefningin er gerð með þeim fyrirvara að iðnaðarráðuneytið greiði ferðakostnað fulltrúa sambandsins í ráðinu.*

**15. Tilnefning í samráðsnefnd leik- og grunnskóla - 0912031SA**

Lagt fram bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 30. nóvember 2009, þar sem óskað er því að sambandið tilnefni tvo aðalfulltrúa og tvo varafulltrúa í samráðsnefnd leik- og grunnskóla. Ráðuneytið bendir á ákvæði 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla. Jafnframt tekur ráðuneytið fram í erindinu að það muni ekki greiða sérstaklega fyrir störf í nefndinni.

*Stjórn sambandsins tilnefnir Svandísi Ingimundardóttur, skólamálafulltrúa sambandsins, og Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóra í Reykjavík, sem*

*aðalmenn og til vara Tryggva Þórhallsson, lögfræðing á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Valgerði Freyju Agústs dóttur, sérfræðing á hag- og upplýsingasviði sambandsins.*

**16. Skráning flutningsmannvirkja fyrir raforku í Landskrá fasteigna - 0912021SA**

Lagt fram bréf Suðurlinda ohf., dags. 1. desember 2009, þar sem óskað er eftir því að stjórn sambandsins beiti sér fyrir því að öll flutningsmannvirki raforku, sem eru ofan jarðar, verði metin fasteignamati og skráð í Landskrá fasteigna.

*Samþykkt var að vísa erindinu til umfjöllunar í tekjustofnanefnd ríkis og sveitarfélaga.*

**17. Samstarfssamningur um aukna þjónustu við langveik börn og börn með ADHD-greiningu - 0512489SA**

Lagður fram til kynningar samstarfssamningur um tilraunaverkefni til styrktar langveikum börnum og börnum með ADHD-greiningu sem undirritaður var 4. desember 2009 af formanni sambandsins, félags- og tryggingamálaráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og heilbrigðisráðherra, ásamt fréttatilkynningu um samstarfssamninginn.

**18. Úthlutun aukaframlags úr jöfnunarsjóði - 0911059SA**

Lagt fram afrit af bréfi Sveitarfélagsins Skagastrandar, dags. 20. nóvember 2009, til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar sem mótmælt er þeirri aðferðarfræði sem beitt var við úthlutun aukaframlags úr jöfnunarsjóði 2009 að fjárhæð 1 ma.kr.

**19. Frumvörp um skatta og tekjuöflun ríkisins - 0912003SA**

Lagðar fram til kynningar umsagnir sambandsins um fjögur frumvörp um skatta og tekjuöflun ríkisins:

- a) Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.) - 239. mál.
- b) Frumvarp til laga um tekjuöflun ríkisins - 256. mál.
- c) Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og fleiri lög - 226. mál.
- d) Frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta - 257. mál.

**20. Frumvarp til laga um stjórnlagáþing - 0912002SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins um frumvarp til laga um stjórnlagáþing, 158. mál, dags. 2. desember 2009.

**21. Umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu - 0911002SA**

Lagt fram til kynningar bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 30. nóvember 2009, þar sem tilkynnt er skipun Guðjóns Bragasonar, sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, í nefnd sem kannar grundvöll þess að leggja á umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu sem renni til uppbyggingar þjóðgarða

og annarra fjölsótttra og friðlýstra áningarstaða ferðamanna og til eflingar ferðabjónustu.

**22. Frumvarp um breytingu á lögum um dómstóla - 0911001SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins, dags. 2. desember 2009, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, 100. mál.

**23. Frumvarp um atvinnuleysistryggingar, félagsþjónustu sveitarfélaga o.fl. - 0912023SA**

Lögð fram á fundinum umsögn sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, félagsþjónustu sveitarfélaga o.fl. Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundinum:

*Framkvæmdastjóra falið að óska eftir því við félags- og tryggingamálaráðherra að hann beiti sér fyrir því að út úr frumvarpinu verði teknar allar þær greinar sem varða sveitarfélögin og valda munu kostnaðarauka hjá þeim. Lagt er til að myndaður verði samráðshópur eða nefnd með fulltrúum félags- og tryggingamálaráðuneytisins, sambandsins, Reykjavíkurborgar o.fl. aðila sem fái það hlutverk að fara yfir málið áður en breytingar, sem snerta sveitarfélögin, verða gerðar.*

Porleifur Gunnlaugsson lagði fram eftirfarandi bókun:

*Ég leggst eindregið gegn breytingum á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem heimilar sveitarstjórnnum að setja reglur sem binda fjárhagsaðstoð viðkomandi sveitarfélags skilyrðum.*

*Varla er hægt að skilja 28. gr. frumvarpsins öðruvísi en svo, að heimilað verði að taka fjárhagsaðstoðina af viðkomandi að nokkru leyti eða öllu, verði ákveðin skilyrði ekki uppfyllt.*

*Fjárhagsaðstoð veita sveitarfélög þeim sem ekki eiga í önnur hús að venda og full fjárhagsaðstoð er ekki veitt nema viðkomandi hafi engar aðrar tekjur. Aðstoðin hefur alla tíð verið mjög lág í krónum talið, þannig að fæstir gætu hugsað sér að lifa á henni einni saman.*

*Velferðarráð Reykjavíkur hefur nýverið samþykkt að setja í gang virkniáætlun fyrir þá sem þiggja fjárhagsaðstoð en eftir sem áður verða alltaf til þeir sem heilsu sinnar vegna geta ekki uppfyllt sett skilyrði.*

*Íslendingar hafa allt frá Grágásarlögum haft á því reglu að skylda sé til að færa fram þá sem ekki geta sjálfir:*

*„Svo er mælt að sína ómaga á hver maður fram að færa á landi hér. Móður sína á maður fyrst fram að færa, en ef hann orkar betur, þá skal hann færa fram föður sinn. Nú má hann betur, þá skal hann börn sín. Nú má hann betur, þá skal hann systkin sín fram færa. Nú má hann betur, þá skal hann færa fram þá menn er hann á arf að taka eftir og þá menn er hann hefir arftaki tekna. Nú má hann betur og þá skal hann framfæra leysing sinn þann er hann gaf frelsi. Ef nokkur þeirra manna gengur að hans ráði er nú var taldur enda eigi hann fé til að færa þá fram þá verður hann útlagur gerr of það ef þeir ganga.“*

**24. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar o.fl. - 0912022SA**

Lögð fram á fundinum til kynningar umsögn sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar o.fl.

Formaður óskaði stjórnarmönnum og starfsmönnum sambandsins gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og sleit fundi kl. 15:00.

---

Halldór Halldórsson

---

Þorleifur Gunnlaugsson

---

Hanna Birna Kristjánsdóttir

---

Dagur B. Eggertsson

---

Lúðvík Geirsson

---

Gunnar Einarsson

---

Elín R. Líndal

---

Sigrún Björk Jakobsdóttir

---

Sigrún Stefánsdóttir

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Þorvaldur Guðmundsson

---

framkvæmdastjóri

---

ritari